

um breyting á lögum nr. 92 24. desember 1955 um laun starfsmanna ríkisins.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

1. gr.

Lokamálsgrein 25. gr. laganna orðist svo:

Fyrir innheimtu ríkissjóðstekna og annarra gjalda, er innheimtumenn ríkissjóðs (þ.e. sýslumenn, bæjarfógetar, lögreglustjórar og yfirsakadómarrinn, yfirborgardómarrinn, yfirborgarfógetinn og tollstjórinn í Reykjavík) innheimta samkvæmt embættisskyldu sinni, skulu greidd laun samkvæmt reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til að niður verði fellt það ákvæði 25. gr. 1. nr. 92/1955, sem kveður á um lögbundna þóknun til innheimtumanna ríkissjóðs vegna innheimtu ríkissjóðstekna, en þeim verði þess í stað ákveðin laun fyrir störf þessi með reglugerð, er fjármálaráðherra setur.

Núverandi skipan á þessum málum hefur sætt nokkurri gagnrýni hin síðari ár, enda eru þær forsendur sem hún hvíldi á að mörgu leyti breyttar. Skv. núgildandi lagaákvæðum eru innheimtumönnum reiknuð laun af innheimtum ríkissjóðstekjum án tillits til þess, hversu háar upphæðir eru til innheimtu. Innheimtuhlutfallið, þ.e. hlutfallið milli fjárhæða þeirra, sem innheimta skal annars vegar og þeirra fjárhæða, sem innheimtar eru hins vegar, hefur hins vegar ekki skipt máli við útreikning innheimtulaunanna. Laun innheimtumannanna hafa af þessum sökum fyrst og fremst ráðist af því, hversu fjölmenn umdæmi þeirra eru en ekki af hlutfallslegum innheimtuárangri þeirra. Þetta hefur leitt til mjög ójafnrar skiptingar innheimtulaunanna milli innheimtumannanna innbyrðis. Innheimtumenn í fáeinum stærstu umdæmunum hafa haft óeðlilega mikil innheimtulaun, en innheimtumenn í hinum smærri umdæmunum hafa lítið borið úr bótum, enda þótt þeir næðu mjög góðum árangri við innheimtuna.

Með bréfi, dags. 27. okt. 1971, skipaði fjármálaráðherra nefnd til að gera tillögur um breytt fyrirkomulag um greiðslu aukatekna sýslumanna, bæjarfógeta og sambærilegra embættismanna. Nefndina skipuðu þeir Baldur Möller, Björn Fr. Björnsson, Björn Hermannsson og Sigurgeir Jónsson. Skilaði nefndin tillögum sínum í júní 1972. Taldi nefndin þörf á gagngerri breytingu á núverandi aukatekjukerfi. Miðuðu tillögur nefndarinnar að því að jafna hlut innheimtumannanna frá því, sem verið hefur, og jafnframt að því að gera innheimtulaunakerfið að hvata til bættis innheimtuárangurs.

Föst laun sýslumanna eru nú ákveðin einhliða af fjármálaráðherra, í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Virðist eðlilegt að ákvörðunarvald um önnur kjör þeirra verði einnig í höndum ráðherra. Er því lagt til að nýskipan innheimtulaunakerfis verði ákveðin í reglugerð af fjármálaráðherra en á þann hátt er unnt að ná heildar samræmi við ákvörðun kjara þessa hóps ríkisstarfsmanna.

Þau meginatriði, sem talið hefur verið að taka þyrfti tillit til við setningu reglugerðar um aukatekjur innheimtumanna ríkissjóðs eru eftirfarandi:

Að innheimtulaunakerfið í heild verði ekki kostnaðarsamara fyrir ríkissjóð en nú er.

Að innheimtulaunakerfið sé hvetjandi, þ.e. að innheimtulaun hvers innheimtumanns verði bæði háð þeirri upphæð, sem til innheimtu er af hverjum gjaldaflokki og þeirri hlutfallstölu, er hann innheimtir af þeirri upphæð.

Að innheimtulaunahlutfall af einstökum gjaldaflokkum fari eftir því hversu erfitt eða auðvelt er að innheimta gjöld skv. þeim.

Með 35. gr. laga nr. 11/1975 var ákveðið að 6% innheimtulaun vegna kirkju-garðsgjalda skyldu framvegis renna í ríkissjóð. Nái frumvarp þetta fram að ganga yrði innheimtumönnum greidd innheimtulaun fyrir þessa innheimtu samkvæmt almennum ákvæðum reglugerðarinnar um innheimtu fyrir aðra. Á sama hátt færi um laun vegna innheimtu sóknargjalda ef það ákvæði í frumvarpi til sóknargjalda, er nú liggur fyrir þinginu og kveður á um að innheimtulaun frá sóknarnefndum renni til ríkissjóðs, verður að lögum.

Á það skal bent, að hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 7. gr. frumvarps til laga um kjarasamninga B.S.R.B., er nú liggur fyrir þinginu.